

Sp.

905. Nefndarálit

um till. til þál. um, að fullnægt verði fyrirmæli 4. gr. hæstaréttarlaganna um fjölda dómara í hæstarétti.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur þriklofnað um þetta mál. ÁÁ, PZ og HJ vilja vísa til-
löggunni frá með þeim röksemdum, að ríkisstjórnin geti fjölgað dómurum hæsta-
réttar, svo sem tillagan fer fram á, ef henni þyki þörf á. IngJ telur ekki þörf fleiri
en þriggja dómara í réttinum og vill, að hæstaréttarlögunum verði breytt í það
horf. Við undirritaðir mælum hins vegar með, að þáttill. verði samþykkt.

Þegar ákvæðið um 5 dómara í hæstarétti var leitt í lög, hefur ekki annað
getað vakað fyrir löggjafanum en að með því væri aukið réttaröryggi í landinu.
Það er einnig skoðun okkar, að svo sé. Hins vegar virðist svo, eftir að lagaákvæðið
hefur staðið hér um bil tug ára án þess að koma til framkvæmda, þótt hverri ríkis-
stjórn af annarri hafi verið heimilað fé til launagreiðslu dómara, að fjölgun
fastra dómara í hæstarétti verði naumast framkvæmd nema eftir nýjum fyrir-
mælum Alþingis.

Við teljum því rétt að fá skorið úr um afstöðu Alþingis nú til fjölgunar dóm-
ara og leggjum til, að þáttill. verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1945.

Gísli Jónsson, Steingr. Aðalsteinsson,
form. frsm.